

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi við birtingu í Stjórnartíðindum:

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 47.136. á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 21.168. á ári auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 153,02 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þá að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

6. gr. breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf. eru sem hér segir:

- |                     |                           |
|---------------------|---------------------------|
| a) fyrir lögbyli    | kr. 2.305.165             |
| b) fyrir íbúðarhús  | kr. 610.172               |
| c) fyrir sumarhús   | kr. 430.100               |
| d) fyrir aðra aðila | kr. 152.950 á mínútulítra |

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. júní 2017.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*